

# Starfsreglur foreldraráðs Kópahvols

## 1. gr.

Ráðið heitir foreldraráð Kópahvols og er starfandi við leikskólann Kópahvol, Bjarnhólastíg 26, Kópavogi.

## 2. gr.

Foreldraráð starfar á grundvelli IV. kafla laga nr. 90/2008 um leikskóla. Hlutverk ráðsins er að starfa að þeim verkefnum sem því eru falin samkvæmt framangreindum lögum og reglum sem settar eru á grundvelli þeirra.

Starfsreglur þessar eru settar á grundvelli 1. mgr. 11. gr. leikskólalaga og skulu kynntar á heimasíðu leikskólans, ásamt nöfnum og netföngum fulltrúa í ráðinu.

## 3. gr.

Í foreldraráði skulu sitja þrír eða fimm foreldrar barna á leikskólanum Kópahvoli. Leitast skal við að að minnsta kosti einn fulltrúi sé starfandi frá fyrra ári til að tryggja samfellu í starfi ráðsins.

Foreldraráð skal starfa eitt skólaár í senn, þ.e. frá 1. október til og með 30. september ár hvert. Kjósa skal í foreldraráð á foreldrafundi, í september/október, á ári hverju og skal kosið til eins árs í senn. Leikskólastjóri skal óska eftir nýjum framboðum um leið og boðað er til haustfundar.

## 4. gr.

Foreldraráð fundar eftir þörfum, en þó að lágmarki tvisvar hvert starfsár, í fyrra skiptið til að fara yfir skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans og í seinna skiptið til að fylgjast með og meta hvernig þeim hefur verið framfylgt.

## 5. gr.

Foreldraráð starfar með leikskólastjóra og skal vera tengiliður við aðra foreldra. Leikskólastjóri skal upplýsa ráðið um mál sem snert geta starfsemi skólans og gefa þeim kost á að fjalla um þau. Ráðið skal halda fundargerðir yfir fundi sína og leikskólastjóri skal sjá til þess að þær séu aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.

## 6. gr.

Helstu verkefni ráðsins eru að gefa umsagnir um skólanámskrá, skóladagatal og starfsáætlun ársins til leikskólastjóra og leikskólanefndar. Þessu til viðbótar hefur foreldraráð umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á starfi leikskólans, áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar. Ráðið skal einnig fjalla um ábendingar frá foreldrum.

## 7. gr.

Komi upp tilvik sem foreldraráð telur að þarfnist umræðu með öllum foreldrum leikskólabarna skal ráðið boða til fundar með foreldrum þar sem málin eru tekin til umfjöllunar og ákvörðunar. Foreldraráð fylgir málinu eftir í framhaldinu.

## 8. gr.

Fulltrúum í foreldraráði er skylt að gæta þagmælsku um þau atriði sem leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls.

## 9. gr.

Starfsreglur þessar skulu endurskoðaðar í byrjun hvers skólaárs af nýkjörnu foreldraráði.